FebSel

Stjórnarfundur 9. okt. 2024

Haldinn að Skólabraut 5 kl. 16.30- 18.00

Fundinn sóttu Kristbjörg, Sigríður, Sigurður, Helgi, Inga og Stefán.

1. **Heimasíða.** Formaður setti fund og þakkaði Helga sérstaklega fyrir gerð nýrrar heimasíðu fyrir félagið Rætt var um frekari vinnu við hana, skipulag, kostnað við lénið, vistun og ákveðið að kanna þetta frekar m.a. hjá Seltjarnarnesbæ. Einnig rætt um möguleika á notkun síðunnar til þjónunustu við félagsmenn og til að veita upplýsingar um félagið og starfsemi þess.

2. **Heimsókn í Garðabæ**. Samþykkt að heimsækja félag eldriborgara þar, sem býður okkur velkomin. Stefnt að heimsókn eftir 18.okt.

3. **Formannafundur LEB**. Kristbjörg segir frá fundi sem haldinn var 7.okt. Rætt var um kjara og húsnæðismál. Formaður LEB mun heimsækja kjördæmin í framhaldinu. Framundan er m.a. *málþing um öldungaráð sveitarfélaganna 17*.okt. og hvatti okkur til þátttöku, en misvel hefur gengið að virkja öldungaráðin sem samstarfsvettvang um málefni eldri borgara í sveitarfélögum.

4. **Húsnæðismá**l. Formaður upplýsti að ekki hefðu borist frekari viðbrögð aðila um húsnæði við Skólabraut ætlað eldri borgurum. Samþykkt að viðhalda sambandi ef gefst til umræðu og stefnumótunar.

5. **Fyrirlestur á bókasafni**. Sigurður skýrði frá viðbrögðum hugsanlegs fyrirlesara sem hann tók að sér að kanna. Bent var á 13.nóv.miðvikudag sem tímasetningu.

6. **Önnur mál**. Komið er að því að dreifa nýju afsláttarkorti /félagsskírteini til félagsmanna og hefur Sigríður skipulagt dreifinguna. Rætt var um SPARA appið sem gæti bráðlega komist í gagnið hjá okkur og geymt m.a. afsláttarkortið.

Fleira ekki gert.

SB skráði